

Þarf sérstakan undirbúning fyrir taugasálfræðilega skoðun?

Mikilvægt er að hafa lesgleraugu með sér og þeir sem nota heyrnartæki ættu að taka þau með sér.

Að öðru leyti þarf ekki að undirbúa sig sérstaklega fyrir skoðunina.

Ef fleiri spurningar vakna en þú færð svör við hér, er þér velkomið að hafa samband við ritara á minnismóttöku Landakots, fyrir hádegi í síma: 543 9900

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
ENDURHÆFINGARSVIÐ
SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA
FYRSTA ÚTGÁFA JANÚAR 2005
ÖNNUR ÚTGÁFA ÁGÚST 2007

HÖFUNDIR:
DR. MARÍA K. JÓNSDÓTTIR, YFIRSÁLFRÆÐINGUR

ÁBYRGÐARMAÐUR:
DR. EIRÍKUR ÖRN ARNARSON, FORSTÖÐUSÁLFRÆÐINGUR

LJÓSMYND:
ÞÓRÐÍS ERLA ÁGÚSTSDÓTTIR

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/AV

EFTIRPRENTUN ÓHEIMIL ÁN SAMRÁDS VIÐ ÁBYRGÐARMANN

Minnismóttaka á Landakoti: **Taugasálfræðileg skoðun**



Þegar minnið svíkur

Með aldrinum finnur fólk oft fyrir breytingum á minni og einbeitingu.

Einnig geta komið fram erfiðleikar við að finna orð í samræðum eða við að þekkja fólk á götu, svo eitthvað sé nefnt.

Algengt er að fólk leiti til minnis-móttökunnar á Landakoti með kvartanir af þessu tagi.

Stundum fer það í svokallaða tauga-sálfræðilega skoðun. Með henni er hægt að aðgreina meinlausar minnistrufnanir og alvarlegri minnistrufnanir sem geta verið af völdum sjúkdóma.

Hver gerir

taugasálfræðilega skoðun?

Skoðunin er framkvæmd af sálfræðingi sem er sérmenntaður í því hvernig mannsheilinn starfar og þeim áhrifum sem sjúkdómar sem oft fylgja vaxandi aldri geta haft á minni, einbeitingu og aðra hugarstarfsemi.

Hvernig fer

skoðunin fram?

Sálfræðingurinn notar margs konar verkefni til að skoða ýmsa þætti hugsunar, svo sem minni, athygli og mál.

Þessi verkefni eru fjölbreytileg og oft þykir fólki gaman að spreyta sig á þeim.

Stundum er fólk þó hrætt um að verkefnin séu helst á færi þeirra sem eru mikið menntaðir en svo er alls ekki. Einungis eru notuð verkefni sem flestir eiga að geta nokkuð mikið í.

Hversu langan tíma

tekur skoðunin?

Á Landakoti er miðað við að tauga-sálfræðileg skoðun taki ekki meira en 90 - 120 mínútur. Í flestum tilvikum þarf einungis eina heimsókn til sálfræðingsins.

Hvað gerist að

skoðun lokinni?

Skýrsla með niðurstöðum skoðunarinnar er send til þess læknis sem bað um rannsóknina. Þær niðurstöður notar hann til að aðstoða við hugsanlega sjúkdómsgreiningu.